

Fundargerð 215. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	miðvikudagur 6. febrúar 2019
Fundartími:	8:30 – 12:00
Fundarmenn:	Árni Eiríksson Rósa Matthíasdóttir Hrafnkell Guðnason Margrét Jónsdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt að bæta við dagskrána lið nr. 14. c) Fundargerð stjórnar byggðasamags UTU nr. 58, dags. 30.01.2019, aðrar fundargerðir færast aftar sem nemur einum lið. Nr.16: Erindi frá Lilju Ómarsdóttur Nr. 17: Erindi frá Gísla H. Halldórssyni bæjarstjóra Árborgar. Nr. 18: Afmæli félagsheimila. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Frestað mál frá 214. fundi – Bitra þjónustumiðstöð – beiðni um umsögn

Gríma arkitektar ehf. hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu, 3. janúar 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur borist bréf frá Skipulagsstofnun dags. 4. janúar 2019, þar sem óskað er í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2000 um mat á umhverfisáhrifum, eftir umsögn Flóahrepps um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Óskað er eftir að í umsögn komi fram eftir því sem við á, hvort Flóahreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Þá er óskað eftir að í umsögn komi fram eftir því sem við á, hvaða leyfum framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að Gríma arkitektar hafi með greinargerð og um leið matsskyldufyrirspurn gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum Bitru þjónustumiðstöðvar og hótels, líklegum umhverfisáhrifum og áðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn telur að þó að nokkurra sjónrænna áhrifa gæti af byggingu í annars flötu landslagi, þá séu þau ekki þess eðlis að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps er að framkvæmdin í heild sé ekki þess eðlis að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 169, dags. 16.01.2019

a) Langholt 2 (L166249): Umsókn um byggingarleyfi: Bílskúr – breyting – 1812040

Ragnar Björgvinsson og Fríður Sólveig Hannesdóttir sækja um byggingarleyfi móttækin 18.12.2018, þar sem fyrirhugað er að breyta bílskúr í gístaðstöðu í Langholti 2, landnr. 166249 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi vegna breytinga á bílskúr í gístaðstöðu. Breytingin samræmist gildandi deiliskipulagi fyrir Langholt 2, og einnig gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaða breytingu á bílskúr í gístaðstöðu fyrir Langholt 2 með 5 atkvæðum.

b) Fljótshólar IV land L212340: Borgarhólar: Breytt heiti lóðar – 1901005

Jóhannes Þormóðsson leggur fram ósk til skipulagsnefndar um að fá að breyta heiti lóðarinnar Fljótshólar 1 – 4 C (landr. 212340) í heitið Borgarhólar. Rök fyrir nafngift eru eftirfarandi:

Í munnmælum (frá Fljótshólum) var talað um þetta sem Borg. (þarna er tóft af fjárhúsum og alltaf talað um að fara upp á Borg) Heimamenn, Sturla bóndi á Fljótshólum og hans búalið lögðu til að bletturinn fengi heitið Borgarhólar, til að tengja það við Borg og Fljótshóla.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að heiti landeignarinnar Fljótshólar IV land verði breytt í Borgarhólar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum heitið Borgarhólar á landnúmerið 212340 sem áður gekk undir nafninu Fljótshólar 1 – 4 land C.

c) Mosató 1 L226312: Breytt notkun úr frístundalóð í íbúðarlóð: Fyrirspurn – 1810016

Á fundi skipulagsnefndar þann 10.10.2018 var tekið fyrir erindi Önnu Birnu Ragnarsdóttur og Höskuldar Harry Gylfasonar, dags. 25. september 2018, þar sem óskað var eftir leyfi til að breyta lóð þeirra hjóna að Mostató 1 L226312, úr landi Hnauss 2, úr frístundalóð í íbúðarhúsalóð. Málinu var frestað þar til nýtt aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029 hefði öðlast gildi en er nú lagt fram að nýju þar sem endurskoðað aðalskipulag Flóahrepps hefur öðlast gildi.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina, að gerð verði breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps og einnig gildandi deiliskipulagi svæðisins. Þó er gerður fyrirvari um að núverandi frístundahús uppfylli kröfur byggingareglugerðar 112/2012 með síðari breytingum um íbúðarhús.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum umrædda breytingu á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi og að lóðinni Mosató 1 L226312 verði breytt í íbúðarhúsalóð.

d) Hróarsholt spilda F1 L197221: Malarnáma 49.000 m³: Fyrirspurn 1901029

Magnús Ingiberg Jónsson leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar, um hvort heimilt verði að opna allt að 49.000 m³ og 2,4 ha malarnámu í landi Hróarsholts spilda F1 landnr. 197221

Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 og færð inn í skipulagið umrædd malarnáma með stærð allt að 49.000 m² og 2,4 ha að stærð.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á ósamræmi í bókun skipulagsnefndar þar sem annars vegar er í texta talað um rúmmetra en í afgreiðslu nefndarinnar fermetra. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu fyrirspurnarinnar en óskar eftir fundi með fyrirspyrjanda þar sem farið verði yfir umfang og fyrirkomulag á fyrrihugaðri starfsemi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Þingás lnr. 224358 og Efri-Gróf - lóð 5 lnr. 223471: Íbúðar- og útihús: Deiliskipulag – 1712033

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga tveggja lóða úr landi Efri-Grófar, annars vegar Efri Grófar lóð 5 (L223471) sem er 30 ha að stærð, og hins vegar Þingáss (L224358) sem er 10,42 ha. Er gert ráð fyrir að á lóðunum verði heimilt að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna með fyrirvara um að tekið verði tillit til athugasemda Vegagerðarinnar, og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga eftir að gögn hafa verið lagfærð.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu Efri Grófar lóðar 5 (L223471) og Þingáss (L224358) með fyrirvara um að skipuleggjendur lagfæri gögn í samræmi við athugasemdir Vegagerðarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Skúflækur land L200268: Skúflækur 1 Breytt heiti lóðar – 1811042

Árni Eiríksson vék af fundi.

Lögð fram að nýju umsókn Árna Eiríkssonar og Sólveigar Þórðardóttur um breytt heiti landeignarinnar Skúflækur land með landnr. 200268. Þau voru áður skráð á Skúflæk 2.

Málið var áður tekið fyrir hjá skipulagsnefnd þann 28.11.2018 þar sem óskað var eftir að landið fengi heitið Skúfslækur 1 en var frestað þar sem skoða þurfti betur önnur heiti á svæðinu. Landeigendur hafa fallið frá þeirri beiðni og óska nú eftir að landið fái heitið Skúfslækur 2, Norðurbær.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að heiti landeignarinnar Skúfslækur land verði breytt skv. beiðni en þar sem heiti upprunalsins er Skúfslækur II með rómverskum stöfum þá mælir skipulagsnefndin með að hún fái heitið Skúfslækur II, Norðurbær eða þá að númeri upprunalsins og annarra lóða úr því landi verði breytt úr II í 2 til samræmis. Skipulagsnefnd bendir jafnframt á að setja þarf upp skilti við veg með nýju heiti þar sem íbúðarhús er á landeigninni. (Árni vék af fundi við afgreiðslu skipulagsnefndar á þessu máli.)

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum breytt heiti landeignarinnar Skúfslækur land (L200268) í Skúfslækur II, Norðurbær.

Árni Eiríksson mætti aftur til fundar.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18 – 92 – 1812002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. desember 2019.

3. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 170, dags. 30.01.2019

a) Miklholtshelli 2 L223302: Stækkun alifuglabús: Endurskoðað deiliskipulag – 1901042

Stefán Már Símonarson f.h. Nesbúeggis ehf. leggur fram umsókn um að tekin verði til afgreiðslu skipulags- og matslýsing Eflu Verkfræðistofu dagsettar 16.01.2019, vegna stækkunar á alifuglabúi að Miklholtshelli 2, L223302. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er áætlað að heimiluð verði bygging tveggja 1.500. m² húsa sem gætu hýst allt að 18.000 fugla. Heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 36.000 fuglar. Með stækkuninni er verið að efla og styðja við núverandi framleiðslu á lífrænum eggjum að Miklholtshelli 2 á vegum Nesbúeggja ehf.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulags- og matslýsing verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi umsókn frá Nesbúeggjum ehf um stækkun og byggingu tveggja nýrra 1.500 m² húsa og felur skipulagsfulltrúa að kynna matslýsinguna skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum

b) Svarfhólsvöllur lnr. 166322; Golfvöllur Deiliskipulag – 1706076

Lögð er fram deiliskipulagstillaga Golfklúbbs Selfoss fyrir svæði undir golfvöll félagsins. Tillagan tekur til svæðis sem er meðfram Ölfusá, í landi Laugardæla í Flóahreppi.

Landsvæðið afmarkast af helgurnarsvæði fyrirhugaðs nýs þjóðveggar nr. 1 til suðurs, bökkum Ölfusár til vesturs og skilgreindum landamörkum að landi Laugardæla til norðurs og austurs. Um er að ræða stækkun á núverandi golfvelli úr 9 holu, í 18 holu völlum, ásamt tilheyrandi æfingarsvæðum og völlum. Skipulagssvæðið nær til fjögurra landskika með landnr. 178300 og 166322, þar sem núverandi völlum er, landnr. 206118 sem er viðbót til suðurs og landnr. 206145 sem er stækkun til norðurs. Stærð golfvallarins og skipulagssvæðisins er um 70 ha.

Skipulagsnefnd mælir með því að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki deiliskipulags-tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu Golfklúbbs Selfoss sem nær til fjögurra landskika með landnr. 178300, 166322, 206118 og 206145, samtals 70 ha svæðis í heild.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Sauðhagi L203004; Hagaslóð: Nýtt heiti lóða – 1901047

Lögð fram umsókn Gríms Valdimarssonar, dags. 16.01.2019, um nafngift á vegslóða sem skv. deiliskipulagi liggur um land Sauðhaga L203004 sem er úr landi Þingdals í Flóahreppi. Óskað er eftir að hann fái heitið Hagaslóð og fá þá frístundalóðirnar innan skipulagsins heitið Hagaslóð og viðeigandi númer skv. meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við heitið Hagaslóð né númeringu frístundalóðanna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum fyrirleggjandi umsókn um nafnið Hagaslóð á vegslóða sem liggur um land Sauðhaga L203004 ásamt númeraröð lóðanna.

d) Fljótshólar I land (L212336); Umsókn um byggingarleyfi, gestahús – 1901039

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Þormóðsdóttur dags. 16.01 2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi, leyfi til þess að flytja 59,2 m² gestahús á lóðina Fljótshólar I land (L212336)

Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi, þó með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingaleyfi til þess að flytja umrætt gestahús, með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 - 93 - 1901003F

4. Erindi frá Helenu Hólm – ósk um breytingu á nafni - Skálatjörn I og Skálatjörn II

Lagt fram erindi frá Helenu Hólm þar sem óskað er eftir breytingu á nafni Skálatjarnar í Skálatjörn I og Skálatjarnar lóðar í Skálatjörn II. Fyrir liggja viðbótargögn vegna erindisins. Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulagsnefndar Uppsveita til umfjöllunar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Húsnæðismál Flóaskóla

Í kjölfar úttektar vegna gruns um myglu í starfsmannaaðstöðu og skólaseli Flóaskóla hefur þeim hluta húsnæðisins verið lokað og starfsemin flutt í önnur rými. Óskað hefur verið eftir tilboðum í gerð kostnaðaráætlunar vegna viðgerða á húsnæðinu sem um ræðir og tvö tilboð borist. Sveitarstjórn samþykkir að fela Verkís að gera kostnaðaráætlun vegna viðgerða á umræddu húsnæði á grundvelli innsendra gagna.

Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur verið send beidni um úttekt á núverandi starfsaðstæðum nemenda og starfsmanna. Starfsmönnum Eflu, starfsmönnum Flóaskóla og á fasteignasviði eru hér færðar þakkir fyrir góð störf við greiningu og lausn á þeim vanda sem skapaðist. Sveitarstjórn mun heimsækja Flóaskóla að loknum fundi til þess að skoða aðstæður. Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Viðbygging geymsla Krakkaborg

Fyrir liggja tvö tilboð í viðbyggingu við geymslu Krakkaborgar ásamt kostnaðaráætlun sem unnin er af M2 ráðgjöf.

- Smíðandi ehf 11.500.000 kr.
- Krútangi ehf 9.857.897 kr.
- Kostnaðaráætlun M2 ráðgjöf 8.227.230 kr.

Sveitarstjórn samþykkir fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Krútanga ehf á grundvelli innsendra gagna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Tilnefning í ungmennaráð Flóahrepps – nefnd

Sveitarstjórn tilnefnir eftirtalda í ungmennaráð Flóahrepps:

Hólmar Höskuldsson, Agnes Harpa Birgisdóttir, Brynjar Jón Brynjarsson.

Til vara: Ingibjörg Hugrún Jóhannsdóttir og Brynhildur Ágústsdóttir.

Óskað er eftir tilnefningu á þriðja varamanni frá UMF Þjótanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá umboðsmanni barna – tilnefning tengiliðar frá Flóahreppi vegna þings um málefni barna í nóvember 2019

Lagt fram erindi frá umboðsmanni barna þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórn að hún tilnefni tengilið sveitarfélagsins við umboðsmann barna vegna þings um málefni barna í nóvember 2019.

Sveitarstjórn tilnefnir formann fræðslunefndar Flóahrepps Huldu Kristjánsdóttur sem tengilið sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Samningur um þjónustu persónuverndarfulltrúa - viðauki

Lagður fram viðauki við samning Flóahrepps við Lex lögmannsstofu vegna persónuverndarfulltrúa. Samkvæm framlögðum viðauka mun María Kristjánsdóttir hdl. taka við starfi persónuverndarfulltrúa Flóahrepps í stað Ingva Snæs Einarssonar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðaukann eins og hann liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Vatnsveita – samningur um þjónustu

Lagður fram endurnýjaður samningur um eftirlit og viðhald á dreifikerfi Vatnsveitu Flóahrepps við Gröfubjónustu Steins ehf. kt. 551203-2040 og Jón Valgeir Geirsson kt. 150775-5159.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

11. Flóaljós – upplýsingagjöf

Guðmundur Daníelsson mætti til fundarins og fór yfir stöðu á verkefninu. Síðasti verkfundur var haldinn 6. febrúar klukkan 9:00. Nú stendur yfir vinna í 2. og 3 áfanga. Frost tefur verkið í hlöðum og við hús eins og er en niðurlægning gengur áfram.

12. Upplýsingar úr bókhaldi

Lagðar fram upplýsingar úr bókhaldi vegna ársins 2018. Enn er eftir að ganga frá uppgjöri staðgreiðslu og byggðasamlaga.

Lagt fram til kynningar.

13. Til umsagnar

a) Umsókn um rekstrarleyfi – flokkur II Brimsstaðir

Lögð fram beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar Aqua um rekstrarleyfi í flokki II fyrir Brimsstaði í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að skoða skipulag svæðisins með tilliti til þessarar beiðnar og hvort heimilt er að gefa rekstrarleyfi með tilliti til þess. Bent er á að á Brimsstöðum er komið hús sem skoða þarf hvort til er á fasteignaskrá og byggingarfulltrúa falið að skoða það mál.

Afgreiðslu erindisins frestað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Umsókn um tækifærisleyfi - þorablót í Þjósárverri

Lögð fram beiðni sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps um umsókn um tækifærisleyfi fyrir félagsheimilið Þjósárver vegna þorablóts dags. 16.02.2019.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna 356. mál

Lagt fram til kynningar.

d) Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélagi 274. mál

Lagt fram til kynningar.

e) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdasjóður aldraðra) 306. mál.

Lagt fram til kynningar.

14. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 214, dags. 09.02.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 114, dags. 15.01.2019

Fræðslunefnd óskar eftir því að sveitarstjórn fjalli um viðmiðunarreglur varðandi inntöku barna sem eiga lögheimili utan Flóahrepps í Krakkaborg. Einnig að það þurfi að skerpa á því hvort nemendur sem eru íbúar í Flóahreppi hafi forgang komi til þess að kominn sé biðlisti. Sveitarstjórn undirstrikar þær vinnureglur að börn sem eiga lögheimili utan Flóahrepps njóta ekki forgangs á Krakkaborg. Umsóknir utanlögheimilisnemenda eru einungis samþykktar með fyrirvara um að ekki komi til aukakostnaðar vegna vistunar þeirra, að fyrir liggi samþykki leikskólastjóra og staðfesting leikskólastjóra á því að nægjanlegur fjöldi rýma sé til staðar miðað við fyrirbyggjandi umsóknir á önninni.

Varðandi fyrirspurn um skólabíla og akstur þá er óskað eftir því við skólabílstjóra í upphafi skólaárs að þeir skili inn gögnum sem sýna fram á réttindi þeirra, ásamt sakavottorði á það bæði við um bílstjóra og varabílstjóra. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Stjórnar byggðasamlags UTU – nr. 58 dags. 30.01.2019**
Lögð fram til kynningar.
- d) **Framkvæmdaráðs Almannaþingar Almannaþingar Árnassýslu nr. 1. dags. 18.12.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Brunavarna Árnassýslu nr. 3 dags. 12.11.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Brunavarna Árnassýslu nr. 4. ags.. 31.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 275, dags. 07.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 276, dags. 07.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar Sorpu nr. 402 dags. 09.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 193, dags, 23.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Stjórnar SASS nr. 542, dags. 21.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 865, dags. 30.11.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 866, dags. 14.12.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Efni til kynningar:

- a) Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin – erindi frá forsætisráðuneytinu.
- b) Reglubundið eftirlit HES í Félagslundu dags. 21.01.2019.
- c) Frá Almannaþingunum á Suðurlandi – æfing 28. febrúar neyðarsamstarf vegna raforkukerfa.
- d) Áfangastaðaáætlun Suðurlands – frá iðnaðar og nýsköpunarráðherra.
- e) Verkefni sveitarstjóra í janúar 2019.
- f) Tímasetning næsta sveitarstjórnarfundar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 6. mars klukkan 13:30.

16. Erindi frá Lilju Ómarsdóttur – lausn frá sveitarstjórn Flóahrepps

Lagt fram erindi frá Lilju Ómarsdóttur þar sem hún óskar eftir lausn frá varamennsku í sveitarstjórn Flóahrepps til loka kjörtímabilsins.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum

17. Erindi frá bæjarstjóra Árborgar Gísla H. Halldórssyni

Lagt fram erindi frá Gísla H. Halldórssyni þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tilfærslu á sveitarfélagamörkum á lóð Kaupfélagssmiðjunnar samanber fyrirliggjandi gögn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

18. Afmæli félagsheimilanna í Flóahreppi

Félagsheimilið Þjorsárver verður 60 ára á árinu og félagsheimilið Félagslundur verður 70 ára. Sveitarstjórn bendir menningarnefnd á að mikilvægt sé að þessara afmæla verði minnst með einhverjum hætti t.d. á hátíðinni „Fjör í Flóa“ Sveitarstjóra Flóahrepps falið að ræða við nefndina um útfærslu á viðburði vegna þessara tímamóta.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)